



Hjá Ferðafélagi Akureyrar eru flestar ferðir sem falla undir erfiðleikastigið **1 skór**. Þær geta verið langar gönguleiðir en ekki mikil hækkun eða styttri gönguleiðir og þá meiri hækkun.



Léttar og stuttar ferðir: Stuttar dagleiðir, 4 - 6 klst. Mest gengið á sléttlendi. Engar eða litlar ár. Léttur dagpoki. Flestum fært.

Dæmi um ólíkar ferðir sem fallið geta undir ferð hjá FFA sem merkt er einn skór.

1. Dæmi:

Sumarsólstöður á Þengilhöfða **1 skór**

Ekið til Grenivíkur þar sem gangan hefst, gengið eftir götuslóða upp á höfðann. Af höfðanum er fallegt útsýni og tilvalið að njóta kvöldsólarinnar á þessum fallega stað. Tilvalin fjölskylduferð.

Vegalengd 4 km. Gönguhækkun 260 m.

2. Dæmi:

Bakkar Eyjafjarðarár: Skíðaganga **1 skíðaskór**

Ferðin hefst á bílastæðinu neðan við Kaupang og er gengið að Eyjafjarðará og síðan suður bakka árinna að brúnni hjá Hrafnagili. Á leiðinni heyrum við sögur af fólki og däumst að fögru útsýninu. Þægileg gönguleið á flötu landi. Selflytja þarf bíla milli upphafs- og endastaðar.

Vegalengd 10 km. Engin gönguhækkun.

Annað:

Rútuferðir þar sem stoppað er, rölt um og sagt frá.

Fuglaskoðunarferðir

Ferðir út í Flatey eða Hrísey sem dæmi. Rölt um með leiðsögn heimamanna.